

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Samtaka fjárfesta, almennra hlutabréfa- og sparifjáreigenda.

1. gr.

Heiti og stofnandi.

Heiti sjóðins er Sjóður Samtaka fjárfesta, almennra hlutabréfa- og sparifjáreigenda.

Stofnandi er Samtök fjárfesta, almennra hlutabréfa- og sparifjáreigenda, kt. 541088-2539. Stofnandi er félagsskapur ótilgreindra einstaklinga, sem stofnaður var í þeim tilgangi að gæta hagsmunu fjárfesta gagnvart stjórnvöldum, stjórmálamönnum, útgefendum hlutabréfa og annarra verðbréfa og fjölmiðlum og öðrum þeim sem áhrif geta haft á hag fjárfesta. Auk þess er samtökunum ætlað að efla áhuga og þekkingu á fjárfestingaleiðum og almennum sparnaði.

2. gr.

Framlag og tilgangur.

Stofnfé sjóðsins er andvirði allra bréfa stofnanda í Eignarhaldsfélagi Verðbréfapings ehf. sem skipt var í hlutabréf í OMX þ.e. 185.460 hluti.

Tilgangur með stofnun sjóðsins er að standa vörð um hagsmuni smærri fjárfesta og sparifjáreigenda, og efla þekkingu á sviði sparnaðar og fjárfestingar.

3. gr.

Heimili.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Ábyrgð.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum.

5. gr.

Starfsemi.

Stofnféð skal ávaxta með tryggilegum hætti skv. ákvörðun sjóðstjórnar. Ráðstöfun úr sjóðnum skal að jafnaði bundin við ávöxtun hans.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum til tveggja ára í senn. Stjórn stofnanda tilnefnir two en viðskiptaráðuneytið two.

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum stjórnar. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ekki má selja eða breyta eignasafni sjóðsins nema með samhljóða samþykki allra stjórnarmanna.

Stjórnin ráðstafar fjármunum sjóðsins í samræmi við tilgang hans og þessarar skipulagsskrár.

Stjórnarlaun eru ákveðin af viðskiptaráðherra til tveggja ára í senn.

7. gr.

Starfssvið og skyldur stjórnar.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á rekstri hans og að framfylgt sé meginmarkmiðum skipulags-skrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Stjórnin sér um að haldið sé bókhald fyrir sjóðinn.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda. Árlega og ávallt samkvæmt sérstakri beiðni skal hún gefa stofnendum skýrslu um starfsemi sína og svara eftir föngum fyrir-spurnum frá stjórn stofnanda og viðskiptaráðuneyti.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd sjóðsins nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks málს ef það málefni sem fyrir liggar til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðilega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.

Breyting á skipulagsskrá.

Stofnandi getur ekki breytt skipulagsskrá þessari nema með ályktun aðalfundar stofnanda og skal þar hljóta samþykki 2/3 hluta atkvæða á lögmætum fundi og jafnframt þurfa þrír af fjórum stjórnarmönnum sjóðsins að vera samþykkir slíkum breytingum.

10. gr.

Slit sjóðsins.

Sjóðnum verður slitið ef félagsfundur stofnenda samþykkir slíka tillögu með auknum meirihluta atkvæða (2/3 í lögmætri atkvæðagreiðslu) og þrír af fjórum stjórnarmönnum sjóðsins samþykkja. Leita skal samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir slitum. Við slit skal eignum sjóðsins varið í þágu tilgangs hans og tilgangs stofnanda að fengnum tillögum menntamálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis.

11. gr.

Reikningar.

Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem stjórn sjóðsins ræður til eins árs í senn.

Reikningar sjóðsins skulu sendir til stjórnar Samtaka fjárfesta og til viðskiptaráðuneytisins að lokinni samþykkt þeirra.

12. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, þó er fyrsta reikningsárið frá 8. október 2007 til 31. desember 2008.

Nr. 940

22. september 2008

13. gr.

Staðfesting.

Leita skal eftir staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 22. september 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. október 2008